



Marel: Árni Sigurðsson nýr forstjóri Marel

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, hefur óskað eftir því að láta af störfum frá og með deginum í dag vegna persónulegra ástæðna. Stjórn félagsins hefur fallist á starfslokin og tekur Árni Sigurðsson, sem gegnt hefur starfi aðstoðarforstjóra Marel, við starfi forstjóra tímabundið á meðan stjórn mun finna félaginu forstjóra til framtíðar.

Árni Sigurðsson hefur starfað hjá Marel frá árinu 2014, fyrst sem yfirmaður stefnumótunar og þróunar, síðar framkvæmdastjóri stefnumótunar og stefnumarkandi rekstrareininga, og hefur síðastliðið ár gegnt stöðu aðstoðarforstjóra félagsins og leitt tekjusvið þess. Áður en hann gekk til liðs við Marel starfaði Árni hjá AGC Partners og Landsbankanum. Árni er með MBA gráðu frá Harvard Business School og BSc gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Arnar Þór Másson, stjórnarformaður Marel:

„Stjórn Marel vill þakka Árna Oddi Þórðarsyni innilega fyrir hans mikilvæga framlag til vaxtar og velgengni Marel síðustu 10 ár sem forstjóri og þar áður sem stjórnarformaður í 8 ár. Skýr framtíðarsýn hans og metnaður fyrir því að umbreyta matvælaíðnaði á heimsvísu hefur verið leiðarljós í stefnu Marel. Stjórnin er ánægð að geta leitað til Árna Sigurðssonar til að taka tímabundið við hlutverki forstjóra og tryggja þannig samfellu í rekstri gagnvart viðskiptavinum og áframhaldandi sókn í samræmi við vaxtarstefnu félagsins. Hann hefur fullt traust stjórnar til að leiða Marel áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið til frekari virðisaukningar.“

Árni Sigurðsson, forstjóri Marel:

„Það er mér heiður að fá að leiða okkar frábæra teymi í Marel til áframhaldandi samstarfs við viðskiptavinum okkar á heimsvísu. Í störfum mínum fyrir Marel hef ég unnið þvert á tekjusvið og rekstrareiningar félagsins í hartnær áratug og hef mikla trú á þeim tækifærum, tækni og mannaúði sem Marel býr að til að umbreyta matvælaíðnaði á heimsvísu. Við höfum tekið mikilvæg skref í átt að betri árangri og við erum á réttri leið. Ég hlakka mikið til að starfa nánar með okkar frábæra starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum hagaðilum á komandi vikum og varða veginn til áframhaldandi vaxtar.“

Árni Oddur Þórðarson, fráfarandi forstjóri Marel:

„Mér er efst í huga þakklæti til allra þeirra metnaðarfullu starfsmanna, framsýnu viðskiptavina og fjölmörgu hluthafa sem ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að starfa með, fyrst sem stjórnarformaður og nú síðustu 10 ár sem forstjóri félagsins. Saman höfum við tekist á við áskoranir, gripið tækifæri og styrkt samkeppnisstöðu Marel, skref fyrir skref. Mikilvægast er að félagið er vel í stakk búið til frekari sóknar.“

Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið ir@marel.com og í síma 563 8001.



Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. Í gegnum árin, hefur Marel skref fyrir skref, útvíkkað starfsemi sína. Með kaupunum á Wenger 2022 myndast fjórða stoðin í viðskiptamódeli Marel með áherslu á lausnum fyrir matvælavinnslu fyrir gæludýr, plöntuprótein og fóður fyrir fiskeldi. Hjá félaginu starfa um 8.000 manns í yfir 30 löndum. Tekjur Marel námu um 1,7 milljarði evra árið 2022 en árlega fjárfestir Marel um 6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun sem styður við aukna hagkvæmni, öryggi og sjálfbærni í matvælavinnslu. Félagið hefur verið skráð í Kauphöll Íslands síðan 1992 og var lokið við tvihiða skráningu í Euronext Kauphöllina í Amsterdam árið 2019. Frekari upplýsingar má finna á marel.com/ir.

Viðhengi

[Marel: Árni Sigurðsson nýr forstjóri Marel](#)